

Ráðherrar, félagar í Viðskiptaráði og aðrir góðir gestir

Það er mér mikill heiður að fá að bjóða ykkur velkomin til þessa afmælis Viðskiptaráðs Íslands, en í dag eru 90 ár liðin síðan stofnendur ráðsins voru samankomnir á fulltrúafundi verslunarstéttarinnar, sem haldinn var í KFUM-húsinu við Amtmannsstíg í Reykjavík.

Á þessum fundi var einróma samþykkt að stofna fulltrúanefnd fyrir verslun, iðnað og siglingar, er nefndist Verslunarráð Íslands. Stofnendur ráðsins voru frumherjar íslensks atvinnulífs og saga ráðsins er frá fyrstu tíð samofin nýsköpun og framförum í atvinnu- og viðskiptamálum landsins.

Frá þessum tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og hefur ráðið markað djúp spor í viðskiptasöguna.

Nú heitir Verslunarráðið Viðskiptaráð, en sú breyting var gerð til að endurspegla þann breiða og fjölbreytilega félagagrunn sem ráðið byggir á.

Megintilgangur Viðskiptaráðs er, og hefur ávallt verið, að gæta hagsmuna viðskiptalífsins. Hagsmuna ber að gæta gagnvart stjórnvöldum, gagnvart samfélaginu í heild og nú í síauknum mæli gagnvart erlendum aðilum.

Framrás íslensks viðskiptalíf hefur gjörbreytt þeim aðstæðum sem við búum við og nú er svo komið að hagkerfið er mjög samþætt alþjóðamörkuðum.

Það er ekki síður hlutverk Viðskiptaráðs að efla skilning almennings á mikilvægi frjálsræðis í viðskiptum, lágmörkun opinberra afskipta, hagfellds skattaumhverfis og annarra þátta er miða að því að auka samkeppnishæfni Íslands.

Viðskiptaráð hefur rutt veginn á þeirri framfaraleið sem Ísland hefur fetað og mun halda áfram að ryðja þá braut. Í starfi sínu hefur ráðið ávallt haft það að leiðarljósi, að viðskiptalífinu sé best borgið með frjálsri samkeppni, og þannig fái kostir einkaframtaksins að njóta sín.

Viðskiptaráð berst fyrir málum er varða viðskiptalífið allt, ekki þröngum hagsmunum fáeinna fyrirtækja. Markmið ráðsins er að efla og styrkja íslensk viðskipti, svo koma megi Íslandi á efsta pall í alþjóðasamkeppni. Þannig aukum við þau efnislegu og samfélagslegu gæði sem koma til skipta í þjóðfélaginu, öllum landsmönnum til heilla. Í því felst styrkur Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð hefur alla tíð verið uppspretta nýrra hugmynda. Jarðvegur fyrir þessar hugmyndir hefur verið misfrjósamur en til lengri tíma hefur árangurinn verið ótvíræður. Þannig hefur ráðið stuðlað að framförum í viðskiptalífinu í 90 ár, bæði með beinum og óbeinum hætti. Það má tvímælalaust rekja mörg af stærstu framfaraskrefum í viðskiptasögu landsins til frækorna sem sáð hefur verið af Viðskiptaráði Íslands.

Þannig hefðu menn talið margar af þeim hugmyndum sem ráðið hefur sett fram í gegnum tíðina fráleitar eins og til dæmis frelsi í gjaldeyrismálum. Í dag eru flestar þeirra komnar til framkvæmda. Þetta er braut sem við viljum halda okkur á. Það geta allir verið sammála um að sá árangur sem náðst hefur í íslenskum viðskiptum undanfarin ár gefur tilefni til að halda áfram. Stjórnvöld eiga að einbeita sér að því að styðja við framfarir í íslensku viðskiptalífi með hagfelldu lagaumhverfi, lágmörkun ríkisrekstrar og samkeppnishæfu skattaumhverfi. Þetta eru lykilbreytur til áframhaldandi uppgangs.

Alþingiskosningarnar í vor voru sögulegar fyrir margra hluta sakir. Þegar atkvæði höfðu verið talin var ljóst að ríkisstjórn síðustu 12 ára hélt meirihluta, en munurinn hljóp á einungis einum

þingmanni. Það varð á endanum niðurstaða stjórnarflokkanna að ekki væru forsendur til áframhaldandi samstarfs.

Ný ríkisstjórn var mynduð af Sjálfsstæðisflokki og Samfylkingu, tveimur stærstu stjórnmalaflokkum landsins. Þetta skapar einstakt tækifæri til að hrinda af stað miklum framförum. Með atkvæði ríflega tveggja þriðjunga þjóðarinnar á bak við sig er ljóst að styrkur stjórnarinnar til að vinna í umdeildum málum er ótvíræður. Þetta er tækifæri sem ráðamenn þjóðarinnar ættu ekki að láta renna sér úr greipum.

Þegar nýr stjórnandi tekur við starfi er oft talað um að fyrstu 90 dagarnir leggi línurnar fyrir komandi tíma. Þannig gefst honum tækifæri til að hrinda af stað breytingum, endurskoða stefnumörkun og stokka upp ýmis mál er hafa legið óhreyfð í langan tíma. Nýti stjórnandinn ekki þessa fyrstu mánuði vel er hætt við því að hann missi tækifærið til að gera gagngerar breytingar.

Stjórnarseta ríkisstjórnar lítur ekki alveg sömu lögmálum, þar sem störf þingsins fara fyrst og fremst fram á veturna. Því myndast oft ákveðið millibilsástand eftir kosningar.

Núverandi ríkisstjórn hefur þegar lokið sínum fyrstu 90 dögum við völd en það er ekki þar með sagt að tónninn hafi verið kveðinn. Ég tel að næstu 90 dagar, upphaf þings og þau störf sem framundan eru tengd því, komi til með að gefa til kynna hvers megi vænta.

Það er á mörgum brýnum málum að taka og því ljóst að stjórnvöld munu hafa í nógu að snúast á komandi kjörtímabili. Ég tel að stærsta einstaka ákvörðunin sem stjórnvöld standa frammi fyrir hafi með gjaldmiðil landsins að gera. Á undanförnum misserum hefur peningahagstjórn ekki skilað þeim árangri sem henni er ætlað. Ástæður þess er margþættar en afleiðingin hefur verið sveiflukenndur gjaldmiðill og háir stýrivextir. Til að skapa fyrirtækjum stöðugt og hagfelld umhverfi er mikilvægt að gera

bragarbót á. Viðskiptaráð telur mikilvægt að halda uppi faglegri og virkri umræðu um stöðu krónunnar og mun ekki skorast undan ábyrgð sem leiðandi aðili í þeirri umræðu.

Þögn til að slíta texta í sundur.

Viðskiptaráð hefur í tilefni af 90 ára afmæli sínu tekið saman lista yfir 90 tillögur sem miða að því að bæta samkeppnishæfni, viðskiptaumhverfi og framtíðarhorfur Íslands. Eins og ég hef áður minnst á skapar ný ríkisstjórn með sterkan þingmeirihluta góðan möguleiki til að hrinda mikilvægum málum í framkvæmd. Með slíkum tillögum vonast ráðið til að skapa frjósaman jarðveg fyrir þá vinnu sem framundan er og hafa stefnumótandi áhrif á verkefni nýrrar ríkisstjórnar.

Tillögunum hefur verið skipt í 9 málaflokka sem innihalda um 10 tillögur hver. Þar sem Viðskiptaráð hefur ávallt reynt að endurspegla rödd viðskiptalífsins var leitað til álitsgjafa við undirbúning þessarar vinnu. Í þeim hópi eru áhrifamiklir einstaklingar úr íslensku viðskiptalífi auk sérfræðinga, tengda viðkomandi málaflokki. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir framlagið.

Ásamt tillögunum hefur verið tekið saman stutt ágrip af sögu Viðskiptaráðs, formannatala og þátttaka ráðsins í uppbyggingu menntunar kynnt.

Hér á eftir munu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, Björgvin Sigurðsson viðskiptaráðherra og Árni Mathiesen fjármálaráðherra ræða stuttlega álit sitt á 90 tillögum Viðskiptaráðs.

Það er von okkar og vænting að þessar tillögur nýtist sem gagnlegt innlegg í þá vinnu sem framundan er hjá ríkisstjórn landsins. Um

leið og ég óska stjórnvöldum alls hins besta í þeirra starfi vona ég að Viðskiptaráð eigi gott og farsælt samstarf við ríkisstjórnina hér eftir sem hingað til.

Ég vil óska ykkur öllum til hamingju með 90 ára afmæli Viðskiptaráðs Íslands og um leið gef ég nýjum framkvæmdastjóra Finni Oddsyni orðið – en hann ætlar að kynna afmælistillögur Viðskiptaráðs Íslands.